



Efnahagsstofnun: Ýmsar upplýsingar og tölfræði

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Efnahagsmal – Forsætisráðherra – Bréf – Magnús Kjartansson – Jónas Haraldz – Athugasemdir til almennra kjarabóta – Breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar 1939-1964 – Erlent vinnuafli á Íslandi 1954-1963 – Skrásettir atvinnuleysingjar í Reykjavík 1929-1940 og 1947-1966 – Vinna hjá Varnarliði og Vertökum – Um söluskatt, tölfræði um álagðan söluskatt

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-33, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EFNAHAGSSTOFNUNIN

HVERFIGATA 4 - REYKJAVÍK - N

SÍMI 20520

4/4/1966.

Hér með upplýsingar um:

- 1) Mannfjölda 1900-1965
- 2) Atvinnuleysisskráning 1930-1965.
- 3) Fjöldi vinnandi manna hjá stórfyrirtækjum.
- 4) Hagvöxt frá 1930.
- 5) Fiskafla frá 1935.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Forsætisráðherra,

Dr. Bjarni Benediktsson,

Forsætisráðuneytinu.

Fa ummæli
Gaur & yfirsönnu
við um lagi viðnes
: Mbl. semil. : febr.
um forðabók Davíðsson
"Hitt bókstærkt o. fror

2

Skrásettir atvinnuleysingar í Reykjavík
1929-1940 og 1947-1966.

(Hæsta tala skráðra atvinnuleysinga hvert ár).

Handwritten calculations:

$$\begin{array}{r} 735 \\ \hline 3685 \\ \hline 714 \\ 599 \\ 720 \\ 789 \\ 804 \\ 792 \\ \hline 6 \overline{) 4493} \quad 737 \\ \underline{42} \\ 27 \\ \underline{18} \\ 43 \end{array}$$

1 9 2 9	165
1 9 3 0	90
1 9 3 1	623
1 9 3 2	731
1 9 3 3	623
1 9 3 4	719
1 9 3 5	599
1 9 3 6	720
1 9 3 7	789
1 9 3 8	804
1 9 3 9	792
1 9 4 0	526
1 9 4 7	71
1 9 4 8	42
1 9 4 9	135
1 9 5 0	251
1 9 5 1	418
1 9 5 2	718
1 9 5 3	98
1 9 5 4	8
1 9 5 5	5
1 9 5 6	8
1 9 5 7	4
1 9 5 8	20
1 9 5 9	0
1 9 6 0	0
1 9 6 1	8
1 9 6 2	0
1 9 6 3	0
1 9 6 4	1
1 9 6 5	0
1 9 6 6	0

4000

Lagaákvæðinu ^{um} atvinnuleysisskráningu hefir verið slælega framfylgt, og eftir því sem við bezt vitum, er ekki til neitt landsyfirlit um skráða atvinnuleysinga.

Vinna hjá Varnarliði og Verktökum:Upplýsingar Hagstofu Íslands.

Í vinnu haustið 1965 (um miðjan september).

Hjá varnarliði	480	
Hjá Ísl. Aðalverktökum	(*)400	=
Hjá Keflavíkurverktökum	40	=
ALLS	920	=

þa fór
ann vinnu
vit Keflav.
veg 2.

* Vinna v. Keflavíkverktökum, ekkert talin.
Mesta vinnuafkastotalein ca 170 manns, þegar
stegþveranna var í hámarki.

Mestur fjöldi í vinnu hjá Varnarliðinu og Verktökum
var í október 1953, alls 3019.

Samkvæmt mannafláaáttun
Ehst. er reiknad með að mannaflá
til framkvæmdastarfs var, um 40
"mannár" milli 1965 og 1966, Laðki
um 75 "mannár" milli 1966 og 1967.
Ekkert er ástæða til þess að reikna með
fjölsam + venjulegum reistrarstörfum.

Samkvæmt þess má reikna þannig:

Varnarlið og verkataka	1965	um	920
— — — — —	1966	—	960
— — — — —	1967	—	885

Þess er
mannaflá þótt
A tal verkataka
er í sumum og
mesta er.

Erlent vinnuafli á ÍslandiI. 1954-1963. Upplýsingar L.Í.Ú.

Færeyzki sjómenn og land-
verkamenn í fiskvinnslu
(þ.e. karlar)

1954	172
5	470
6	943
7	1.344
8	900
9	880
1960	420
1	240
2	50
3	45

II. Veitt atvinnuleyfi, skv. upplýsingum félagsmálaráðuneytisins.

	<u>Fjöldi leyfa alls</u>	<u>Þar af Færeyingar</u>
1963 um	600	...
4	886	um 400
5	1.320	580

Talnaröð I. (L.Í.Ú.) hefst þegar nokkuð fór að kveða að ráðningu erlendra manna, að frátöldum fyrstu árunum eftir stríðið, en um þau finnast ekki upplýsingar.¹⁾ Lítils háttar var ráðið af kvenfólki á sama tíma, en er talið hafa verið innan við 100 hvert ár. Ráðning gilti yfirleitt fyrir vetrarvertíð, jan.-maí.

Talnaröð II. tekur til allra atvinnuleyfa. Ráðningartími er mislangur, allt upp í ár, en árleg endurnýjun leyfa fer fram, ef fólk stendur lengur við. Færeyingar eru yfirleitt ráðnir til vertíðarstarfa sem fyrr.

Ath., að erlent vinnuafli telst ekki með í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar um vinnuafllspörfina.

Þ Skýrslur Landsbanka Íslands innihalda eftirfarandi tölur um veitingu atvinnuleyfa

	<u>Karlar</u>	<u>Konur</u>	<u>Alls</u>
1946 ^y	761	172	933
1947	456	257	713
1948	90	135	225
1949	100	227	327

Þessar tölur eru ekki taldar ferandi, a. m. t. ekki fyrir tvö ár.

Þ AF aukir Danis of Færeyingar kominn fyrir 7. mars 1946, en þeir þurftu ekki atvinnuleyfi, sk. lög nr. 85, 1946.

Erlent vinnuafli á ÍslandiI. 1954-1963. Upplýsingar L.Í.Ú.

Færeyzkir sjómenn og land-
verkamenn í fiskvinnslu
(þ.e. karlar)

1954	172
5	470
6	943
7	1.344
8	900
9	880
1960	420
1	240
2	50
3	45

II. Veitt atvinnuleyfi, skv. upplýsingum félagsmálaráðuneytisins.

		<u>Fjöldi leyfa alls</u>	<u>Þar af Færeyingar</u>
1963	um	600	...
4		886	um 400
5		1.320	580

Talnaröð I. (L.Í.Ú.) hefst þegar nokkuð fór að kveða að ráðningu erlendra manna, að frátöldum fyrstu árunum eftir stríðið, en um þau finnast ekki upplýsingar.¹⁾ Lítils háttar var ráðið af kvenfólki á sama tíma, en er talið hafa verið innan við 100 hvert ár. Ráðning gilti yfirleitt fyrir vetrarvertíð, jan.-maí.

Talnaröð II. tekur til allra atvinnuleyfa. Ráðningartími er mislangur, allt upp í ár, en árleg endurnýjun leyfa fer fram, ef fólk stendur lengur við. Færeyingar eru yfirleitt ráðnir til vertíðarstarfa sem fyrr.

Ath., að erlent vinnuafli telst ekki með í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar um vinnuafliþörfina.

Þ Skiptis Landsbanka Íslands inniheldur aflifarandi fjölsu um veitingu atvinnuleyfa

	<u>Karlar</u>	<u>Konur</u>	<u>Allt</u>
1946 ^x	761	172	933
1947	456	257	713
1948	90	135	225
1949	100	227	327

Þessar fjölsu eru ekki taldir farandi, a. u. k. ekki fyrir fjórum árin.

^x AF aukir Danis of Færeyingar kominir fyrir 7. mars 1946, en þeir þurftu ekki atvinnuleyfi, sk. lög nr. 85, 1946.

EFNAHAGSSTOFNUNIN


HVERFISGATA 4 · REYKJAVÍK · N

SÍMI 20520

20. október, 1964.

Hérmeð sendi ég yfirlit yfir helztu breytingar á lagareglum og öðrum reglum um útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar 1939-1964.

Virðingarfyllst,


Torfi Asgeirsson

Forsætisráðherra,
Bjarni Benediktsson,
R.

20. október, 1964.

Aðalbreytingar á vísitölu framfærslukostnaðar
1939 - 1964.

- 1) Í gengisskráningarlögunum Nr.10, 4. apríl 1939, og síðar í lögum Nr.2, 1940 voru ákvæði um að skipuð skyldi þriggja manna nefnd, kauplagsnefnd, er hefði það hlutverk að gera yfirlit um framfærslukostnað í Reykjavík að fengnum tillögum Hagstofunnar.

Fjörutíu heimilisreikningar, sem haldnir voru á tímabilinu 1. júlí 1939- 30. júní 1940, urðu grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík. Grundvöllur þessi hélst óbreyttur til 1. marz 1950.

- 2) Í 3. gr. gengisskráningarlaga Nr.22/1950 var ákveðið að húsaleiguliður vísitölunnar 1. marz 1950 og framvegis skyldi miðaður við húsaleigu í húsum, sem fullgerð voru eftir árslok 1945, og að reiknað skyldi með útsöluverði kjöts án frádráttar hins svonefnda kjötstyrks. Þessi grundvöllur hélst óbreyttur til 1. marz 1959.

- 3) Í 4. gr. laga Nr.1, 30. janúar 1959 segir svo: Hinn 1. marz 1959 skal taka gildi nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík, samkvæmt niðurstöðum neytlurannsóknar þeirrar, er kauplagsnefnd hefur framkvæmt í samráði við Hagstofuna. Grundvöllur þessi hélst óbreyttur til 1. september 1960.

4) Á fundi Kauplagnsnefndar 30. september 1960 var ákveðið að breyta útreikningi vísitölnunnar þannig að beinir skattar verði taldir með í útgjöldum "vísitölufjölskyldunnar" frá og með grunntíma vísitölnunnar 1. marz 1959. Jafnframt var ákveðið að skipta útgjöldum vísitölnunnar í 3 aðal-flokka og að birta mánaðarlega vísitölur fyrir hvern þeirra.

Í flokki A eru vörur og þjónusta, sem mánaðarlegar verðupplýsingar liggja fyrir um.

Í flokki B er húsaleiguupphæð "vísitölufjölskyldunnar"

Í flokki C koma fram breytingar sem verða annarsvegar á beinum sköttum og öðrum gjöldum til hins opinbera, og hinsvegar þeim fjárhæðum sem "vísitölufjölskyldan" fær frá hinu opinbera (fjölskyldubætur o.fl.). Í samræmi við þessa breytingu var vísitalan endurreiknuð frá 1. marz 1959 til 1. október 1960.

- " -

Að sjálfsögðu hafa á umræddu tímabili orðið fjölmargar aðrar breytingar á útreikningarreglum vísitölnunnar. Skipt hefur verið um vörutegundir, nýjar verðákvörðunarreglur gerðar o.s.frv. Allar slíkar breytingar hafa þó verið framkvæmdar innan ramma gildandi lagaákvæða og í samræmi við aðalmarkmiðið, að mæla breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík.

Frá

Efnahagsstofnuninni.

Hér með atlys. frá okkur
Jóhannesi og Davíð, að við til
þinna eigin nota.

Með kveðju

Þórunn & Jón

15. maí, 1970.

Athugasemdir um leiðir
til almennra kjarabóta.

1. Helztu grundvallaratvinnuvegir þjóðarbúsins réttu á síðasta ári við eftir áföll undangenginna ára fyrir tilstuðlan hinna víðtæku efnahagsaðgerða, sem gerðar voru í lok ársins á undan. Hefur endurbatinn breiðst út um allt þjóðarbúið og styrkt aðstöðu velflestra atvinnugreina, þótt í mjög mismiklum mæli sé. Þá hafa aflabrögð á þorskveiðum og öðrum veiðum bætt að nokkru upp brest síldveiðanna og afurðaverð hækkað verulega á síðari hluta umliðins árs og fram á þetta ár. Að meötöldum aflabrögðum á síðustu vertíð og afurðaverði eins og það er nú má nú reikna með rösklega 7% aukningu raunverulegra þjóðartekna á mann frá fyrra ári.

2. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar, sem komið hefur fram við mörg tækifæri, að almenningur eigi að verða þessarar aukningar aðnjótandi í bættum lífsskjörum, eins og átti sér stað um hinn mikla hagvöxt árána 1962-66, og einnig með tilliti til þess, að almenningur varð óhjákvæmilega að taka á sig byrðar vegna áfallanna 1967 og 1968. Nokkuð af ávinningnum hlýtur að koma fram beint í aukningu atvinnu, hlutatekna o.p.h., en meginhlutinn ætti að geta komið fram í hækkingu kaupgjalds eða öðrum almennum kjarabótum.

3. Svo sjálfsögð sem aukning almenns kaupmáttar launa hlýtur að vera við ofangreindar aðstæður, er það að mati ríkisstjórnarinnar grundvallaratriði að hún eigi sér ekki stað með þeim hætti, að nýrri verðbólguverði verði hrundið af stað. Myndi óheft framrás verðbólgunnar innan tíðar stefna rekstrar-

grundvelli atvinnuveganna í voða og valda stórfelldri þjóðfélagslegri röskun, sem aðeins yrði við snúizt með aðgerðum, er kæmu mjög illa niður á öllum almenningi, svo sem reynslan hefur fært heim sanninn um. Verði þróunartækifærum atvinnuveganna ekki spillt með nýrri verðbólgu, má vanta þess, að atvinnuvegirnir megni framvegis að skila töluverðum, árvissum kjarabótum, en að öðrum kosti má búast við síendurteknum vandkvæðum í efnahagsmálum og kjaramálum.

4. Athuganir hafa farið fram á því, hvernig tryggðar verði þær kjarabætur, sem þjóðarbúið getur staðið undir, jafnframt því sem komið yrði í veg fyrir, að nýrri verðbólgu-skriðu verði hrundið af stað. Komið hefur fram, svo sem við mátti búast, að geta hinna ýmsu atvinnugreina til þess að greiða hækkað kaupgjald án þess að velta því yfir í verðlagið eða fá það bæt með öðrum hætti, er mjög mismunandi. Er geta frystiðnaðarins mest, þar næst annarrar fiskvinnslu svo og útgerðar, þá almenns iðnaðar, en miklum mun minni hjá hinum ýmsu greinum þjónustu og verklegra framkvæmda, jafnvel allt að því engin hjá þeim greinum, sem úr minnstu hafa að spila. Ráða mátti bót á þessu mismæmi milli atvinnugreina með ýmsum hætti, svo sem auknu verðjöfnunargjaldi eða sköttum á annan bóginn en framlögum til þess að lækka verðlag eða létta framfærslu á hinn bóginn. Aðgerðir af þessu tagi yrðu hins vegar flóknar og erfiðar í framkvæmd, og gætu haft í för með sér ýmsar óæskilegar aukaverkanir. Tíminn til þeirra er einnig óhentugur, þar sem Alþingi situr ekki.

5. Beinasta og einfaldasta leiðin til þess að ná settu marki væri hækkan gengis krónunnar um t.d. 7-9%, samfara hóflegri hækkan kaupgjalds, sem atvinnugreinarnar gætu mjög almennt borið.

Ef vel tekst að fylgja eftir verðlagsáhrifum gengishækkunar, ættu þau að geta numið 3-3 1/2% til lækkunar, að meðtalinni þeirri lækkun tolla og söluskatts, sem fylgja mundi aðgerðinni sjálfkrafa. Myndi sú lækkun nægja til þess að veða að mestu upp verðhækkunaráhrif kauphækkunar af svipaðri hæð. Sú kauphækkun yrði því að kaupmætti jafngildi næstum því tvöfalt meiri kauphækkunar, sem gerð yrði út af fyrir sig.

6. Gagnsemi gengishækkunar í þessu sambandi byggist enn fremur á því, að hún sé metin nálægt því til jafngildis við launahækkun af sömu prósentutölu. Hvor breytingin sem er hefur sömu áhrif til að bæta laun^{hér} á landi á samanburði við launakjör erlendis. Raunveruleg kjaraáhrif gengishækkunar ættu og að verða svipuð áhrifum kauphækkunar af sömu stærðargráðu.

7. Meginmunurinn milli einhliða kauphækkunar og tvíhliða aðgerða felst að sjálfsögðu í hinni hömlulausu verðbólguþröðu, sem leiða mundi af fyrri kostinum, vegna þeirra gagnverkana, sem á eftir fylgdu. Til dæmis mundi einhliða 15% kauphækkun með gildandi gagnverkunum alls leiða til kauphækkunar yfir árið um 22-24%, og hækkunar verðlags um 11-13%. Yrðu atvinnuvegirnir þá reknir með tapi, sem skipt gæti hundruðum milljóna, svo að óhjákvæmilegt yrði að gera ráðstafanir til þess að skerða þann kjaraávinning, sem náðst hefði í bráð, svo að komið yrði í veg fyrir atvinnuleysi og stöðvun.

8. Þá hafa athuganir leitt í ljós, að afkoma þjóðar-
búsins út á við yrði^{sízt}/óhagstæðari með þeim samsettu aðgerðum, sem hér um ræðir, heldur en með einhliða kauphækkunum, sem ætla má, að um yrði samið að öðrum kosti ásamt meðfylgjandi gagnverkunum. En auk þess má telja víst, að fyrr greinda leiðin verði fremur til þess að efla traust á gjaldmiðlinum innan lands og utan.

9. Ljóst er af reynslu undanfarinna ára, að atvinnu-vegirnir gætu ekki þrifið og þróast við skilyrði sífelldrar togstreitu á víxl um kjarakröfur umfram gjaldþol og leiðréttingu rekstrargrundvallar af hendi ríkisvaldsins. Hagvöxtur yrði tregur og launþegar hlytu að verða fyrir vonbrigðum með þann árangur, sem náðst gæti. Leið styrkja og uppbóta til sjávarútvegsins sérstaklega gæti ekki komið til greina, þar sem hún myndi útiloka þá þróun fjölþættari framleiðslu til útflutnings og styrkari samkeppni við innflutning, sem efnahagsþróunin veltur á til lengdar. Valið stæði þá milli langvarandi tregðu og stöðnunar eða frekari gengisfellinga, sem mundu grafa undan peningakerfinu, spilla fyrir heilbrigðri innlendri fjármögnun fjárfestingarinnar og þar með einnig standa eðlilegum hagvexti fyrir þrifum.

10. Ef valin yrði sú leið samsettra kjarabótaáðgerða, sem hér hefur verið rakin, myndi ríkisstjórnin láta kanna sem bezt allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að þær gætu komið að sem beztu gagni og undirbúa rækilega þær áðgerðir, sem fyrir valinu yrðu til þess að koma þeim fram. Jafnframt hlyti ríkisstjórnin að vanast þess, að samtök launþega og vinnuveitenda, svo og öll hlutaðeigandi samtök stofnanir og fyrirtæki ynnu af heilum huga að því, að koma áðgerðunum fram, svo að af þeim megi verða sem bestur árangur.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

HVERFISGATA 4 - REYKJAVÍK - N

SÍMI 20520

19/1-67

Til: Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra
Frá: Jónasi H. Haralz *J.H.H.*
Efni: Ummæli Magnúsar Kjartanssonar um fjármunamyndunina 1965.

Í grein sinni í Þjóðviljanum s.l. sunnudag gerir Magnús Kjartansson nokkur atriði fjármunamyndunar ársins 1965 að umræðuefni og byggir ummæli sín á nýútkominni skýrslu Efnahagsstofnunarinnar um þetta efni (Úr þjóðarbúskapnum nr. 16, des. 1966). Kemur þar fram mikill misskilningur, eða rangtúlkun.

Fjármunamyndun í fiskveiðum, þ.e. í fiskiskipum, sveiflast mjög frá ári til árs. Áhugi fyrir kaupum nýrra skipa gengur í öldum, og auk þess er það mjög tilviljunarkennt til hvaða árs fjármunamyndunin er talin, þar sem miðað er við árið, sem skip kemur til landsins, að því er innflutt skip snertir. Á árunum 1962 til 1964 var fjármunamyndun í fiskveiðum geysimikil, og hefur aldrei áður verið meiri, að undanteknum fyrstu árunum eftir styrjöldina og árinu 1960, þegar nýir togarar komu til landsins. Á árinu 1965 dró mjög úr þessari fjármunamyndun, en hún jókst að nýju á árinu 1966 og mun verða mjög mikil á árinu 1967, þar sem fjöldi fiskiskipa er nú í smíðum. Það gefur því algerlega ranga mynd af þróuninni að líta á árið 1965 eitt sér og bera það saman við árið 1964, þegar fjármunamyndun í fiskveiðum var óvenjulega mikil. Séu tekin meðaltöl áranna 1956/59 annars vegar og 1962/65 hins vegar, verður allt annað upp á teningnum en M.K. vill vera láta. Fyrra tímabilið var meðalfjármunamyndun í fiskveiðum 151 m.kr. á ári, en 235 m.kr. hið síðara, eða 55% hærrí. Nú jókst heildarfjármunamyndun mikið á milli þessara tveggja tímabila. Fjármunamyndun í fiskveiðum jókst þó meira en önnur

fjármunamyndun, svo að hlutdeild hennar í heildinni jókst úr tæpum 7% í tæp 8%. Bráðabirgðatölur sýna, að fjármunamyndun í fiskveiðum á árinu 1966 muni hafa verið um 190 m.kr. á verðlagi ársins 1960, og muni væntanlega vera 350-400 m.kr. á árinu 1967. Má því búast við, að meðalfjármunamyndun í fiskveiðum á árunum 1962 til 1967 verði um 250 m.kr. á ári, eða um 65% hærrí en á árunum 1956/59 að meðaltali.

Fjármunamyndun í verzlun, veitingum og skrifstofuhúsum var 220 m.kr. árið 1964, en 343 m.kr. árið 1965. Gefur þetta M.K. tilefni til margvíslegra hugleiðinga. Ef hann hefði athugað skýrslu Efnahagsstofnunarinnar betur (sbr. bls. 18) hefði hann hins vegar getað komið á snoðir um, að þessi aukning stafar eingöngu af byggingu Loftleiðahótelsins í Reykjavík og byggingu tveggja stórra olúgeyma á Seyðisfirði og í Reykjavík. Ef byggingarkostnaður Loftleiðahótelsins og olúgeymanna tveggja er undanskilinn í fjármunamynduninni árið 1965, verður samdráttur í fjármunamyndun í verzlun, veitingum og skrifstofuhúsum um 5% frá 1964 til 1965.

Fjármunamyndun í fiskveiðum 1955 - 1965

<u>Millj.kr.</u>	<u>1955</u>	<u>1956</u>	<u>1957</u>	<u>1958</u>	<u>1959</u>	<u>1960</u>	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>	<u>1965</u>
<u>Verðlag ársins 1960</u>											
Fiskveiðar, alls	68.4	121.0	128.4	150.7	203.6	478.2 ¹⁾	108.2	150.6	287.2	365.6	134.3
% af heildarfjármunamyndun miðað við verðlag ársins 1960	3.5	5.8	5.9	7.1	8.8	19.1	5.6	6.6	9.7	10.5	3.9

	<u>1956/59</u>	<u>1962/65</u>	Aukning 1962/65 í samanburði við <u>1956/59</u> %
<u>Fjárfesting í fiskveiðum</u> m.kr. á verðlagi ársins 1960	151	235	55
<u>Fjárfesting í fiskveiðum</u> í % af heildarfjárfest.	6.9	7.7	16

1) Togarakaupin 1959 hafa mikil áhrif
á þessa tölu.

U m s ö l u s k a t t

Álagður söluskattur hefur verið:

	Álagður skattur m.kr.					Hækkun álagningar í % f.f.ári				
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
1960	-	35.5	40.9	47.8	124.2	-	-	-	-	-
1961	37.3	43.2	52.8	57.9	191.2	-	21.7	29.1	21.1	(23.9)
1962	46.5	56.1	62.1	69.2	233.9	24.7	29.9	17.6	19.5	22.3
1963	55.7	68.9	76.4	85.7	286.7	19.8	22.8	23.0	23.8	22.6
1964 3%	68.4	79.6	84.3			22.8	15.5	10.3		(15.6)
1964 2,5%	33.9	66.4	70.3							
1964 alls	102.3	146.0	154.6							

Innheimtan á álagningarárinu hefur verið:

1960 81,9%, 1961 93,0%, 1962 95,5%, 1963 98,3%.

Eins og sést á yfirlitinu hér að ofan, hefur álagningaraukningin verið mjög lítil síðustu tvo ársfjórðungana. Ef við berum álagninguna saman við hækkun vísitölu neyzluverðlags frá sama ársfjórðungi ársins 1963 fáum við grófa mynd af þróun neyzzlunnar, eins og hún ætti að vera samkvæmt þessu.

1. ársfjórðungur 1964:	Verðlagshækkun 17,3%,	neyzluaukning 4,7%
2. - - 1964:	- - 22,1%,	- - + 5,4%
3. - - 1964:	- - 20,3%,	- - + 8,3%
Fyrstu 3 ársfjórðungar 1964:	- - 19,9%,	- - + 3,6%

Samkvæmt þessu hefur annað hvort átt sér stað mikil neyzzluminnkun, eða skattsvik hafa stóraukizt við hækkun söluskattsins, og farið vaxandi er á árið leið.